



# Fréttabréf

## Verkalýðsfélags Suðurlands til félagsmanna

1. tbl 2004 ábyrgðarmaður Már Guðnason

Hönnun: Guðrún Elín

Nýir kjarasamningar tóku gildi á árinu 2004. m.a aðalsamningur verkafólks milli SGS f.h aðildafélaga og SA. Samningurinn gildir frá 1. mars 2004 til 31.des 2007. Lágmarkslaun eru nú 100,000– pr mánuð, eftir 4 mánuði og fyrir fullt starf, einnig tók nýtt launaflokkakerfi gildi.

Laun hækka svo sem hér segir:

- 1.mars 2004 3,25%
- 1.janúar 2005 3,0%
- 1.janúar 2006 2,5%
- 1.janúar 2007 2,25%

Þann 30.apríl 2005 verða lausir samningar hjá sveitafélögum. Vinna við gerð nýrra samninga er að hefjast. Hvað er efst á baugi hjá félagsmönnum? Hverju viljum við breyta? Hafið samband við félagið ef þið viljið koma einhverju á framfæri.




Nafn  
Heima  
Staður

Nýir samningar við ríkið tóku gildi nú á árinu, meðal breytinga er að veikindaréttur er stórauðinn, dæmi: starfsmaður sem unnið hefur í 7 ár samfelld var áður með laun í veikindafríi í 120 daga, nú í 175 daga. Veikindaréttur getur varað mest í 360 daga eða eftir 18 ár í starfi. Ný og breytt launatafla tók einnig gildi.

Ný heimasíða Vlf suðurlands er í vinnslu, þegar þeirri vinnu er lokið ættu nettengdir félagsmenn að geta náð í ýmsar upplýsingar t.d varðandi samningana. [www.vlfs.is](http://www.vlfs.is).

Verkalýðsfélag Suðurlands  
Suðurlandsvegi 3, 850 Hella  
sími:487-5000, fax:487-5003  
netfang: [vr@snertill.is](mailto:vr@snertill.is)

Opnunartími skrifstofunnar á Hellu er frá kl 9:00 til 16:00 mánud til föstud . (annar opnunartími kemur fram á símsvara eða er auglýstur sérstaklega).



Allar helstu upplýsingar um samningana er hægt að nálgast á heimasíðu Starfsgreinasambandsins [www.sgs.is](http://www.sgs.is), sem og á skrifstofu félagsins í s:487-5000

Starfsmenn félagsins eru 4 í mismunandi stöðugildum:

Már Guðnason, formaður  
Tryggvi Ástþórsson, varaformaður  
Halldóra Guðlaug og  
Guðrún Elín Pálsdóttir.

Á vormánuðum fór Halldóra í barneignarleyfi og mun Guðrún sem áður var í hlutastarfi leysa hana af.

Aðrir áhugaverðir tenglar:

[www.asi.is](http://www.asi.is), [www.rsk.is](http://www.rsk.is), [www.althingi.is](http://www.althingi.is),  
[www.fjarmalaraduneyti.is](http://www.fjarmalaraduneyti.is), [www.rang.is](http://www.rang.is),  
[www.hvolsvollur.is](http://www.hvolsvollur.is), [www.vik.is](http://www.vik.is), [www.klaustur.is](http://www.klaustur.is)

### Laun ungmenna

Laun 17 ára eru 95% af byrjunarlaunum 18 ára

Laun 16 ára eru 90%

Laun 15 ára eru 75%

Laun 14 ára eru 65% af sama stofni.

Nýtt í samningi verkafólks er að við grein 8.6 bætist við:

Barnshafandi konur eiga rétt til nauðsynlegra fjarvista frá vinnu vegna mæðraskoðunar án frádráttar á föstum launum þurfi slík skoðun að fara fram í vinnutíma.



## Sjúkrasjóður Vlf. Suðurlands

Sjúkrasjóði er ætlað að aðstoða félagsmenn, sem veikst hafa eða slasast, í formi sjúkradagpeninga. Sjúkradagpeningarnir miðast við atvinnuleysisbætur hverju sinni. Úthlutun fer eftir reglum sjóðsins.

Þeir sem eiga rétt í sjóðnum eru þeir sem vinnuveitandi hefur greitt af í þrjá mánuði til sjóðsins, eða lengur og eru búnir með veikindarétt hjá vinnuveitanda. Hægt er að flytja réttindi milli sjóða sumra félaga. Sjúkrasjóður greiðir dagpeninga í 120 virka daga fyrir félagsmenn, 30 daga vegna veikinda barna, 30 daga vegna langvarandi veikinda maka enda missi sjóðsfélagi launatekjur vegna þeirra. Aldrei greiðast bætur úr sjóðnum fyrir færri en 3 vinnudaga.

Einnig veitir sjúkrasjóður Vlf. Suðurlands félagsmönnum ýmsa styrki, t.d vegna sjúkráþjálfunar, skoðunargjald við krabbameinsskoðun/skoðun hjá hjartasérfræðingi og dvöl á heilsustofnun NLFÍ.

Sjúkradagpeningar/styrkir eru greiddir út 1.sinni í mánuði og eru allar umsóknir teknar fyrir og metnar.

## XX.Kafli

### Um sauðfjárslátrun.

Valdar greinar úr samningnum þar sem nú er tími sláturtíðar.

#### s.2. Starfsheiti og launaflokkar

Við röðun í starfsaldursþrep veitir starf í eina sláturtíð rétt til launa skv. aldursþrepi eftir 1 ár, þrjár sláturtíðir veita rétt til þriggja ára þreps, fimm sláturtíðir veita rétt til fimm ára þreps og sjö sláturtíðir veita rétt til sjö ára þreps. Með sláturtíð er átt við a.m.k. 80% af þeim tíma sem hefðbundin sláturtíð stendur.

#### Sláturhús SS

Premía í sláturtíð á Selfossi áður en til upphafshækkunar 2004 kemur er kr. 37,08 kr/stk. Premía í sláturtíð í sláturhúsi SS á Klaustri áður en til upphafshækkunar 2004 kemur er kr. 47,24 kr/stk. Premían breytist árin 2004, 2005, 2006 og 2007 skv. almennum hækkunum í aðalkjarasamningi.

#### x.4. Vinnutími

Dagvinnutími er 40 klst. á viku eða 8 klst. á dag, á tímabilinu frá kl. 07 :00 til kl. 17 :00, frá Mánudegi til Föstudags. (Virkur vinnutími er 37 klst. og 5 min.). Innan framangreindra tímamarka er heimilt að samræma vinnutíma starfsmanna á sama vinnustað.

#### x.5. Ferðir til og frá vinnustað

Starfsfólk Sláturfélags Suðurlands sem býr nær vinnustað en 12 km (miðað við skemmstu akstursleið) kemur sér sjálfst að og frá vinnustað í eigin tíma. Sama regla gildir um þá sem fjær búa en þó skal greiða þeim 1/4 af kílómetragjaldi, sem ákveðið er í skattmati ríkisskattstjóra á hverjum tíma, á mann fyrir hvern km. miðað við daglegar milliferðir

#### .x.8. Orlofs- og desemberuppbót

Orlofs- og desemberuppbót skal greidd jafnóðum í hverri útborgun. Upphæð á hverja dagvinnustund skal fundin með því að deila 1.800 klst. í uppbæturnar eins og þær eru á hverjum tíma.

#### Desember og orlofsuppbót árið 2004

##### Aðalkjarasamningur

Desemberuppbót á árinu 2004 er 38.500- fyrir fullt starf síðustu 12 mánuði, starfsfólk með skemmri starfstíma skal fá greitt hlutfallslega miðað við starfstíma sinn og starfshlutfall. Greiðsla þessi skal fara fram eigi síðar en 15. desember ár hvert.

Orlofsuppbót á árinu 2004 er 21.100- fyrir fullt starf síðustu 12 mánuði, starfsfólk með skemmri starfstíma skal fá greitt hlutfallslega miðað við starfstíma sinn og starfshlutfall. Greiðsla þessi skal fara fram eigi síðar en 15. ágúst ár hvert.

#### Desember og orlofsuppbót fyrir árið 2004

##### Sveitarfélög

Desemberuppbót á árinu 2004 er fyrir starfsmann í fullu starfi 44,5% af launaflokki 113, 7. Starfsmenn í hlutastörfum fá greitt hlutfallslega m.v. starfshlutfall.

Orlofsuppbót á árinu 2004 er 10.400-. Starfsmenn í hlutastörfum fá greitt hlutfallslega m.v. starfshlutfall.


Hækkað framlag í Lífeyrissjóði.

Frá 1. jan 2005 hækkar framlag atvinnurekenda í samtryggingarlífeyrissjóð í 7%



F É L A G T I L  
F R A M T Í Ð A R

## Orlofsvagnar



Félagið hafði til umráða tvo orlofsvagna (tjaldvagn og fellihýsi) sumarið 2004. Góð nýting var á vögnunum og beinum við því til félagsmanna okkar að panta tímanlega fyrir næsta sumar. Félagið var í samstarfi við Tjaldborg sem sá um að afhenda vagnana, og gekk það mjög vel. Gerður var samningur til þriggja ára og mun hann verða endurskoðaður að þeim tíma liðnum.



## Orlofshús í Reykjaskógi.



Verkalýðsfélag Suðurlands tók í notkun nýtt orlofshús í Reykjaskógi, Árnessýslu í vor. Húsið er hið glæsilegasta, 75 fermetrar og búið öllum helstu þægindum. Heitur pottur með nuddi er við húsið. Það eru 3 svefnherbergi og svefnstæði fyrir 8 manns. Eins og er á eftir að ganga frá leiktækjum á lóðinni, en það er í vinnslu og mun verða tilbúið við fyrsta tækifæri. Félagsmenn eru hvattir til að nýta sér tækifærið og bregða sér í bústaðinn. Á veturna er hægt að leigja helgarleigu.

Byggingafélagið Klakkur í Vík byggði húsið fyrir félagið.

**ALLIR Í HEITA POTTINN**

